

# Eystrahorn

17. tbl. 37. árgangur

Fimmtudagurinn 9. maí 2019

www.eystrahorn.is

## Sveitarfélagið Hornafjörður – sjálfbært samfélag með vistvænum samgöngum, útivist og auknu íbúalýðræði

Vorið 2017 auglýsti Norræna ráðherranefndin, á heimasíðu Skipulagsstofnunar, til umsóknar þátttöku í verkefni sem bar titilinn „Attractive Towns. Green redevelopment and competitiveness in Nordic urban regions. Towns that provide a good life for all.” Sneri verkefnið að því að efla litla og meðalstóra bæi á Norðurlöndunum, með auknu aðdráttarafli og sjálfbærni. Meginmarkmið með verkefninu er að móta sameiginlega norræna stefnu um hvernig þessir bæir gætu orðið meira aðlaðandi með þróun líflegs og sjálfbærs þéttbýlis með því að hafa að leiðarljósi Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Fjögur íslensk sveitarfélög voru samþykkt í verkefnið, eru það Sveitarfélagið Hornafjörður, Fljótsháherað, Akranes og Mosfellsbær. Einnig taka tólf önnur sveitarfélög þátt frá Svíþjóð, Noregi, Danmörku og Finnlandi. Undirbúningsráðstefna verkefnisins var haldin í Osló í Noregi í september 2017. Þar komu saman fulltrúar allra þátttökusveitarfélaganna til að hefja vegferðina og stilla saman strengi fyrir næstu tvö árin. Sveitarfélögunum sextán var skipt í fjóra hópa þar sem tekið var mið af þeim áskorunum og tækifærum sem




Þátttakendur íslensku sveitarfélaganna í vinnuferð í Salo, Finnlandi vorið 2019

bæirnir stóðu frammi fyrir og var gert grein fyrir í umsóknunum. Í framhaldi af því þróaði hver hópur verkefni sem sveitarfélögin skyldu taka sér fyrir hendur. Þær Árdís Erna Halldórsdóttir atvinnu- og ferðamálafulltrúi og Hugrún Harpa Reynisdóttir forstöðumaður Nýheima Þekkingarseturs sóttu ráðstefnuna fyrir hönd Sveitarfélagsins Hornafjarðar, og hafa þær í framhaldinu haldið utan um verkþætti sveitarfélagsins í heildarverkefninu.

Unnið hefur verið þétt með kjörnum fulltrúum í ferlinu, en á vinnustofu sem haldin var með öllum fastanefndum sveitarfélagsins í nóvember 2017 kom

fram að mikil vannýtt tækifæri væru til útivistar og afþreyingar, auk þess sem gæði opinna svæða og vistvænar samgöngur voru áhersluatriði sem komu ítrekað fram á vinnustofunni. Var því höfuðáhersla lögð á að vinnan fæli í sér mótun heildstæðs skipulags á Höfn með áherslu á vistvæna ferðamáta (göngu- og hjólastíga), opin svæði og útivistarsvæði. Tilgangurinn er að skapa heilsueflandi, sjálfbært og aðlaðandi bæjarfélag þar sem náttúrulegt umhverfi og stuttar vegalengdir fela í sér einstakt tækifæri til að verða sjálfbærari og umhverfisvænni á víðtækan hátt. Einnig er lögð rík áhersla á þátttöku íbúa við myndun slíkrar framtíðarsýnar fyrir sveitarfélagið og er því stór þáttur þess að stuðla að tækifæri íbúanna til að hafa mótandi áhrif á gerð skipulags á því svæði sem þeir sjálfir eru notendur að. Í verkefninu verður farin sú leið að bjóða íbúum upp á þátttöku í sérhannaðri spurningakönnun til að auka aðkomu þeirra að skipulagsferlinu. Könnunin verður kynnt nánar á íbúafundi í Nýheimum miðvikudaginn 15. maí kl. 20:00 og eru íbúar hvattir til að mæta og kynna sér málið enn frekar.

*F.h. verkefnastjóra,  
Árdís Erna Halldórsdóttir  
atvinnu- og ferðamálafulltrúi*



Norrænu sveitarfélögin sextán sem taka þátt í verkefninu

Hægt er að nálgast blaðið og eldri blöð á [www.eystrahorn.is](http://www.eystrahorn.is)



## Hafnarkirkja Foreldramorgnar í Hafnarkirkju

Fimmtudaginn 9. maí mun Ester Porvaldsdóttir hjúkrunarfræðingur vera með spjall um smitsjúkdóma barna.

Rætt verður saman um alla helstu smitsjúkdóma, og hægt verður að bera fram spurningar.

Foreldramorgnar byrja kl. 10:00 en spjallið mun hefast um 10:30. Allir foreldrar ungbarna eru hjartanlega velkomnir.

Finnið okkur á Facebook undir:  
*Foreldramorgnar í Hafnarkirkju*

Prestarnir

## FÉLAGSSTARF FÉLAGS ELDRI HORNFIÐINGA



### SAMVERUSTUND föstudaginn

10. maí kl. 17:00

Listakonan GINGÓ verður með umræðu um listsköpun sína og sýnir myndir.

Ekki missa af þessu.

### VORTÓNLEIKAR -GLEÐIGJAFAR eru í Hafnarkirkju

Sunnudaginn 12. maí kl. 17:00.

Kostar 2000 kr. inn. Enginn posi.

### MÁLÞINGIÐ -" ER GOTT AÐ ELDAST ?" í

Nýheimum 22. maí.

Staða eldri borgara í nútíð og framtíð á Hornafirði

Umræðuefni málþingsins verða m.a. þjónusta sveitarfélagsins, húsnæðismálin, heilsuefning, velferðartækni og hvernig er að eldast á Íslandi.

**Takið daginn frá.**

**LANDSMÓT UMFÍ 50+** verður á Neskaupsstað dagana 28.-30. júní í ár.



### KIRKJUBRAUT 19, 780 HORNAFIRÐI.

Glæsileg tveggja herberja íbúð á 2. hæð í tvíbýli að Kirkjubraut 19, Hornafirði er til sölu.

**Opið hús mánudaginn 13. maí kl. 17:00.**



### SMÁRABRAUT 2, 780 HORNAFIRÐI.

Einbýlishúsið að Smárabraut 2, Hornafirði er til sölu. Fallegt hús með góðri lóð.

**Opið hús fimmtudaginn 9. maí 2019 kl. 17:00.**



Nánari upplýsingar veitir Jóna Benný í síma 869-8650 eða á [jona@trausti.is](mailto:jona@trausti.is)



## SKRÁNING Í KAPPRÓÐUR OG BRYGGJULEIKI

Nú styttist í Sjómannadaginn

Skráning er hafin í Kappróðurinn og aðra þátttöku á bryggjunni.

Skráning hjá Birni Ármannssyni s: 894-0347 og Jóhannesi Danner s: 896-2081

Bátarnir eru komnir á flot og því hægt að hefja stífar æfingar.

*Nefndin*



Svalbarð 5 • Sími: 848-3933

Útgefandi:..... HLS ehf.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Tjörvi Óskarsson  
Netfang: .....tjorvi@eystrahorn.is  
Prófarkalestur:.... Guðlaug Hestnes  
Úmbrot: ..... Tjörvi Óskarsson  
Prentun: ..... Litlaprent

ISSN 1670-4126

## Eystrahorn Vildaráskrift

Nýir vildaráskrifendur velkomnir í hópinn.

**HLS ehf.**

**Rnr. 0537-14-409068**

**Kt. 500210-2490**



Sveitarfélagið

**HORNAFJÖRÐUR**

## Sveitarfélagið auglýsir nýtt raðhús að Borgartúni og íbúð í Hrollaugsstöðum til langtímaleigu.

Sýtt raðhús er auglýst til langtímaleigu að Borgartúni 14. Um er að ræða 102,3 fermetra raðhús með þremur svefnherbergjum. Húsið er laust til afnota nú þegar. Umsóknir óskast sendar á netfangið [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is).

Íbúð í Hrollaugsstöðum er auglýst til leigu. Um er að ræða gömlu heimavistina 188 fermetrar með 37,6 fermetra sameign. Húsnæðið er leigt út sem íbúðarhúsnæði. Húsnæðið er laust til afnota nú þegar. Umsóknir óskast sendar á netfangið [afgreidsla@hornafjordur.is](mailto:afgreidsla@hornafjordur.is).

Einnig hægt að nálgast upplýsingar í síma 470 8000



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnabraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



## Manstu eftir taupokanum?

**POKASTÖÐIN**  
Hornafjörður - Iceland

# Loftslagsverkfall á Höfn



Myndir: Sóley Lóa Eymundsdóttir

Föstudaginn 3. maí kl. 12:00 gengu hornfirskir nemendur út úr skólaflokkum sínum og sófnuðust fyrir framan Ráðhús Hornafjarðar með eitt sameiginlegt markmið í huga: að krefjast aukinna aðgerða í loftslagsmálum. Framtakið var innblásið af skólaverkföllum hinnar sænsku Gretu Thunberg sem hafa nú vakið athygli á alheimsvísu. Á hverjum föstudegi viðs vegar um heiminn flykkist ungt fólk út á götur til þess að lýsa yfir áhyggjum sínum og mótmæla aðgerðaleysi stjórnvalda. Þessi verkföll hafa hlotið yfirskriftina "Föstudagar fyrir framtíðina" og eru bæði skipulögð og leidd af ungu fólki.

Sólin var hæst á lofti og baráttuandinn einkennandi fyrir utan Ráðhúsið á föstudaginn. Þegar litíð var yfir hópinn mátti sjá fólk á öllum aldri komið til þess að sýna samstöðu, og margir héldu kröfuspjöldum á lofti. Íris Mist Björnsdóttir, varaformaður Ungmennaráðs Hornafjarðar opnaði uppákomuna með ræðu og

ljóðalestri fyrir hönd formannsins, Sigríðar Þórunnar Þorvarðardóttur. Tómas Nói Hauksson leiddi þar á eftir fjöldaköll með gjallarhorni af miklum tilþrifum. Kristín Hermannsdóttir flutti hugvekjufyrir hönd Umhverfissamtaka Austur - Skaftafellssýslu og að lokum var hlýtt á söng Dagmarar Lilju Óskarsdóttur. Það er ljóst að almenningur á Hornafirði er meðvitaður um málstaðinn, sem við getum vissulega glaðst yfir. Þótt það sé skref í rétta átt er það ekki nóg. Á meðan kannanir sýna að áhugi og áhyggjur Íslendinga fara vaxandi af umhverfismálum, gerir losun gróðurhúsalofttegunda það sömuleiðis. Í raun losar Ísland mesta magn koltvísýrings á einstakling af öllum Evrópuþjóðum, sem er staðreynd sem farið hefur af hljóðlega.

Stjórnvöld gerðu aðgerðaráætlun í loftslagsmálum til ársins 2030 þar sem m.a. er gert ráð fyrir að kolefnishlutleysi náist fyrir árið 2040. Svo það verði að veruleika er ljóst að



til þarf skilyrðislausar og róttækar aðgerðir - fyrr heldur en síðar. Unga kynslóðin krefst þess að Ísland taki af skarið, taki visindamenn alvarlega, stórauaki fjárfraunög til umhverfismála og lýsi yfir neyðarástandi. Við viljum umhverfið efst á dagskrá, alls staðar.

*Arndís Ósk Magnúsdóttir, Ingunn Ósk Grétarsdóttir, Íris Mist Björnsdóttir, Salvör Dalla Hjaltadóttir og Svandís Perla Snæbjörnsdóttir skipuleggiendur loftslagsverkfalls á Höfn*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Fyrirhuguð malbikun 2019

Sveitarfélagið hyggst malbika í lok sumars 2019. Fyrirtæki og einkaaðilar sem hafa áhuga á að malbika eru beðnir um að senda áætlað magn m<sup>2</sup> á [skipulag@hornafjordur.is](mailto:skipulag@hornafjordur.is) svo hægt sé að gera ráð fyrir kaupum á efni.

*Gunnlaugur Róbertsson, skipulagsstjóri*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Innritun barna fædd 2013 í Grunnskóla Hornafjarðar

Innritun nýrra nemenda í Grunnskóla Hornafjarðar fer fram í skólanum 9. – 20. maí nk. Foreldrar barna sem fædd eru 2013 eru beðnir um að koma í Hafnarskóla og fylla út þar til gerð innritunarblöð. Innritunarblöðin má sjá á heimasíðu skólans.

*Skólastjóri*

# OPIN RÁÐSTEFNA UM ALMANNAVARNIR OG SKIPULAG

*Að byggja og búa í lifandi landi og náttúru.*

Ráðstefnan er haldin af Samtökum  
sunnlenskra sveitarfélaga,  
lögreglustjóranum á Suðurlandi og  
lögreglustjóranum í Vestmannaeyjum í  
samstarfi við Skipulagsstofnun.

**Dagskrá og skráning á ráðstefnuna er á [sass.is](http://sass.is)**

**Haldin á Hótel Selfossi  
17. maí 2019 kl. 9:00-15:00**



Skipulagsstofnun



SASS  
SAMTÖK  
SUNNLENSKRA  
SVEITARFÉLAGA



## Vortónleikar Gleðigjafa

12. maí í Hafnarkirkju kl. 17:00

2000 kr. inn

Enginn posi

Stjórnandi: Guðlaug Hestnes

Píanó og harmonikka: Gunnar Ásgeirsson



**HUMARHÖFNIN**  
GASTRONOMY LANGOUSTINE

*The Restaurant by the harbour*



[www.humarhofnin.is](http://www.humarhofnin.is) | [info@humarhofnin.is](mailto:info@humarhofnin.is) | Sími: 478-1200

Okkur á Humarhöfninni vantar þjóna í sal og starfsmann í  
humarvinnslu ásamt aðstoð í eldhúsi.

Kjörið fyrir fólk sem vill vinna í skemmtilegu og alþjóðlegu umhverfi  
og æfa tungumálakunnáttu sína á lifandi tilraunadýrum.

Um er að ræða full störf og hlutastörf.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Benni,  
netfang: [info@humarhofnin.is](mailto:info@humarhofnin.is)

## Ársmiðar Knattspyrnudeildar Sindra 2019

Að venju verður boðið upp á árskort sem gilda á alla leiki í Íslandsmótinu hjá bæði meistaraflokki karla og kvenna. Fyrirkomulagið verður með aðeins öðru sniði þetta árið en undanfarin ár þar sem boðið verður upp á gull-, silfur- og bronskort. Send verður valgreiðsla í heimabanka allra íbúa sýslunnar sem eru orðnir 18 ára, fyrir bronskort sem kostar kr. 10.000.- Hægt verður að uppfæra kortið í silfur- eða gullkort á leikjum með því að greiða fyrir uppfærslu og jafnframt á stuðningsmannahátíð knattspyrnudeildar um helgina.

**Bronskort:** 10.000 kr. Innifalið er aðgangur fyrir bronskortshafa á alla heimaleiki í Íslandsmóti hjá mfl. karla og kvenna og fritt kaffi á leikjum.

**Silfurlort:** 15.000 kr. Innifalið er aðgangur fyrir silfurlortshafa á alla heimaleiki í Íslandsmóti hjá mfl. karla og kvenna, fritt kaffi á leikjum og frí súpa/annað snarl á stuðningsmannafundum fyrir leiki.

**Gullkort:** 25.000 kr. Innifalið er aðgangur á alla heimaleiki í Íslandsmóti hjá mfl. karla og kvenna fyrir gullkortshafa auk þess sem hann getur boðið með sér einum stuðningsmanni á hvern leik, fritt kaffi á leikjum fyrir tvo og frí súpa/annað snarl á stuðningsmannafundum fyrir leiki fyrir tvo, ein pakning af klósettpappír og 25% afsláttur á lokahóf knattspyrnudeildar fyrir tvo.

Ætlunin er að kortin verði fjölnota og á hverju tímabili fái korthafi nýjan límíða á kortið. Þess vegna eru kortin frí í ár en eftir þetta tímabil munu kortin sjálfkosta 1000 kr. aukalega. Þeir sem eiga kort frá því í fyrra eru hvattir til að nýta þau aftur og fá límíða fyrir komandi tímabil. Kort og límíðar verða afhent á stuðningsmannahátíðinni og á leikjum. Öllum fyrirspurnum vegna ársmiða má beina til Örnun Óskar Harðardóttur ársmiðastjóra knattspyrnudeildar Sindra í síma 847-4035.



**Frumherji**

**Bifreiðaskoðun á Höfn**

**13., 14. og 15. maí.**

Tímabantanir í síma 570-9090  
fyrir kl. 16:00 föstudaginn 10. maí.  
Næsta skoðun 18., 19. og 20. júní.

**Frumherji**

*Þegar vel er skoðað*

# Fjöldmenni í strandhreinsun á Suðurfjörum



Síðastliðinn laugardag stóðu Umhverfissamtök Austur-Skaftafellssýslu, í samstarfi við Bláa herinn, fyrir strandhreinsun á Suðurfjörum. Hreinsunin var hluti af Norræna strandhreinsunardeginum sem er samnorrænt hreinsunaráttak og voru strendur hreinsaðar samtímis í sjö löndum; Íslandi, Grænlandi, Færeyjum, Danmörku, Noregi, Svíþjóð og Finnlandi. Einnig voru strendur hreinsaðar á í það minnsta þremur öðrum stöðum á Íslandi þennan dag.

Frábær þátttaka var í hreinsuninni en um 115 manns komu saman á Suðurfjörum í blíðskapar veðri og unnu af kappi í um þrjá tíma. Fólkinu var dreift í hópa eftir strandlengjunni og voru svo stanslausar ferðir bíla um svæðið til að ferja fólk og ruslið sem það tindi. Bæði ferðaþjónustuaðilar og einstaklingar mættu á svæðið á stórum bílum með kerrur og kunna Umhverfissamtökin þeim miklar þakkir fyrir. Íslenska gámafélagið flutti gáma á svæðið og mun Sveitarfélagið Hornafjörður borga fyrir förgun þess. Án þessa stuðnings væru dagar sem þessir ekki mögulegir.

Alls náðist að hreinsa um 4 km af fjörinni en ruslið sem týndist á því svæði



fyllti tvo stóra ruslagáma og vó 7560 kg. Ýmislegt áhugavert fannst í fjörinni á laugardaginn, þar á meðal 2 flöskuskeyti sem við fáum að heyra nánar um síðar. Meginuppistaðan voru þó veiðarferi sem sum hver voru talin vera yfir 30 ára gömul. Í lok hreinsuninnar var haldin heljarinnar grillveisla í boði Nettó og vonum við að allir hafi farið sælir heim og glaðir með sitt framlag til að bæta heiminn. Við í Umhverfissamtökum Austur-Skaftafellssýslu og Bláa hernum erum í skýjunum yfir deginum. Við erum afar þakklát öllum þeim sem mættu, veðurguðunum fyrir blíðuna og þann frábæra velvilja sem mætti okkur og þeirri góðu stemningu sem myndaðist. Við viljum þakka þeim fyrirtækjum sem lögðu okkur lið, South-east Iceland, Háfjall, Glacier Adventure, Icehóver og allir þeir sem lögðu til bíla og tæki til að auðvelda hreinsunina, Nettó fyrir grillveislu og Gistiheimilið Stekkatún fær þakkir fyrir veitta aðstoð. Við hlökkum til að taka aftur til hendinni með ykkur í haust!

**Föstudagshádegi í Nýheimum**

**Föstudagshádegi Nýheima verða haldin**

**föstudaga í maí kl.12:30**

**10.5 Sveinur Ísheim Tummason**  
*Huldubjód í Norðurhöfum*

**17.5 Þórður Sævar Jónsson og Soffía Auður Birgisdóttir**  
*Úrvalsrit Meðgönguljóða*

Fleiri verða föstudagshádegin ekki í þetta sinn en við tökum upp þráðinn aftur í september og viljum við þakka frábæra þátttöku á liðnum vetri.

Súpa, nýbakað brauð 1000kr.  
Súpa, brauð og salatbar 1500kr.  
í boði frá kl 12.00  
(ath. að ekki er tekið við kortum)

## Sveitarfélagið Hornafjörður Sjálfbærni til framtíðar

Opinn fundur í Nýheimum miðvikudaginn 15. maí kl. 20:00 þar sem Sveitarfélagið Hornafjörður kynnir þátttöku sína í Norrænu samstarfsverkefni um aðlaðandi, sjálfbæra bæi.

*Maptionnaire* – íbúakönnun sem hönnuð var í tengslum við verkefnið verður kynnt, en hún er verkfæri til aukins íbúalýðræðis við skipulagsferli. Könnunin verður opin íbúum til þátttöku að fundi loknum.

Ungmennaráð fjallar um umhverfismál frá sínu sjónarhorni. Íbúar sveitarfélagsins er hvattir til að mæta og eiga saman góða kvöldstund. Léttar veitingar í boði!



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**



**NÝHEIMAR**  
PEKINGARSETUR

*F.h. Sveitarfélagsins Hornafjarðar*  
*Árdís Erna Halldórsdóttir, Hugrún Harpa Reynisdóttir og Bartek Skrzypkowski*



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## ÚTBOÐ

### Uppbygging fráveitukerfis á Höfn – Jarðvinna og lagnir - 3. áfangi.

Sveitarfélagið Hornafjörður óskar eftir tilboðum í verkið „Uppbygging fráveitukerfis á Höfn – Jarðvinna og lagnir - 3. áfangi“ eins og því er lýst í meðfylgjandi útboðsgögnum. Hér er um almennt útboð að ræða og lýtur þeim reglum sem um það gilda.

Innifalið í tilboð skal vera allt það sem til þarf að ljúka verkinu eins og það er skilgreint í útboðsgögnum.

#### Lauslegt yfirlit yfir verkið

Uppbygging fráveitukerfis Hafnar í Hornafirði hófst árið 2015 og er 1. og 2. áfanga verksins lokið. Nú er komið að 3. áfanga verksins. Hann felur í sér að grafa skurði og koma fyrir fráveitu lögnum og öllu öðru því viðkomandi svo sem brunnum/dælubrunnum og frágangi á öllum lögnum samkvæmt verklýsingum frá þeim stað sem lagnir enduðu í 2. áfanga, rétt sunnan við gatnamót Álaugarvegjar og Víkurbrautar. Þaðan liggja lagnir að Álaugarvegi og austur Álaugarveg alla leið að Standey sem er austast við Álaugarveg einnig eru lagðar lagnir frá Álaugarvegi norður Álaleiru og að gatnamótum Álaleiru og Bugðuleiru.

#### Helstu magntölur eru:

Rif skólþbrunnar 9 stk. Lagnir 600 m.

Gröftur 1.270 m skurðir

Brunnar 33 stk.

Fylling og söndun. 15.000 m<sup>3</sup>

Fráveitulagnir 2.061 m

Ídráttarrör ø50. 558 m

Útboðsgögn má nálgast fimmtudaginn 2. maí eftir kl. 12:00 með því að senda póst á [bjorni@hornafjordur.is](mailto:bjorni@hornafjordur.is) og óska eftir gögnum fyrir verkið. Ath. Taka skal fram hvaða verk þetta er.

Tilboðsgjafar skulu vera búnir að skila inn tilboði eigi síðar en **fimmtudaginn 23. maí 2019 kl. 14:00.** merkt „Uppbygging fráveitukerfis á Höfn – Jarðvinna og lagnir - 3. áfangi“ er þau verða opnuð samtímis í viðurvist þeirra bjóðenda sem óska eftir að vera viðstaddir.

Áskilinn er réttur til að taka hvaða tilboði sem er eða hafna öllum.

Tilboð eru bindandi í 5 vikur frá opnunardegi.

Nánari upplýsingar veitir:

Björn Imsland, [bjorni@hornafjordur.is](mailto:bjorni@hornafjordur.is) sími 470-8000

Gunnlaugur Róbertsson, [gunnlaugur@hornafjordur.is](mailto:gunnlaugur@hornafjordur.is) sími 470-8000



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)



Sveitarfélagið  
**HORNAFJÖRÐUR**

## Langar þig að verða Dagforeldri?

Sveitarfélagið Hornafjörður auglýsir eftir áhugasömum aðila til að gerast dagforeldri á Höfn. Um er að ræða daggæslu í heimahúsi, heimilt er að rækja starfið í öðru húsnæði eftir samkomulagi og að ákveðnum skilyrðum uppfylltum.

Dagforeldrar geta verið með 4-5 börn í gæslu í einu, dvalartími getur verið alla virka daga allt að 9 tímar á dag, sveitarfélagið niðurgreiðir til foreldra allt að 8 tíma á dag. Dagforeldrar eru sjálfstætt starfandi. Félagsmálanefnd Hornafjarðar veitir starfsleyfi til dagforeldra og sinnir lögbundnu eftirliti með starfsemi en býður einnig fram stuðning til þess að uppfylla ákvæði laga og reglna um daggæslu í heimahúsum og útvega faglega ráðgjöf við dagforeldra. Stutt verður við einstaklinga með að koma upp aðstöðu gerist þess þörf.

Áhugasamir vinsamlega hafi samband við Skúla Ingiberg Þórarinsson, félagsmálasfulltrúa í s. 470-8000 eða í netfangið [skuliung@hornafjordur.is](mailto:skuliung@hornafjordur.is)



Sveitarfélagið Hornafjörður / Hafnarbraut 27 / S: 4708000 / [www.hornafjordur.is](http://www.hornafjordur.is)

## Sindradagur knattspyrnudeildar 11. maí 2019!

Gleði og grill með yngri flokkum - mæting í Bárúna

11:00 - 13:00 Leikmenn meistaraflokkanna, þjálfarar og yngriflokkarar sjá um æfingar, grill og sprell með yngri flokkum knattspyrnudeildar. Við hvetjum foreldra til að koma og taka þátt í gleðinni.



## Stuðningsmannahátíð knattspyrnudeildar Sindra í Sindrabæ

19:00 Húsið opnað - fordrykkur

19:30 Hátíðin sett

Ávörp, leikmannakynningar, skemmtiatriði, Albert og Sindrasöngurinn og Øystein Magnús Gjerde heldur uppi fjörinu með tónlist til kl. 1:00.

Veislustjóri er Ásgrímur Arason

Heiðursgestur og ræðumaður kvöldsins er Valdemar Einarsson fyrrverandi framkvæmdastjóri Sindra.

Miðaverð er 3500 kr. og innifalið er fordrykkur, kjúklingasúpa, eftirréttur, kaffi og skemmtun.

Léttir drykkir verða til sölu á hátíðinni.

**Miðapantanir verða að berast í síðasta lagi fimmtudaginn 9. maí á tölvupóstfangið [knattspyrna@umfsindri.is](mailto:knattspyrna@umfsindri.is) eða í síma 618-5944 (Kristinn Snjólfsón).**



## SUNNUDAGUR 12. MAÍ 2019 KL. 16:00

ÍSLANDSMÓT 3. DEILD KARLA  
**SINDRI – EINHERJI**

STUÐNINGSMANNAHJAL MEÐ INGVA  
ÞJÁLFAFA Í HEKLU KL. 14:30!

MÆTUM OG STYÐJUM STRÁKANNA TIL SIGURS!